

Mánudaginn 27. nóvember 1995.

Nr. 375/1995.

Gjaldtökusjóður

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

Otto Wathne hf.

(Ævar Guðmundsson hdl.)

Kærumál. Fjárnám. Ólögmatúr sjávarafli. Stjórnarskrá. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. nóvember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands, upp kveðinn 11. október sl., þar sem ógilt er fjárnámsgerð, sem fram fór að kröfu sóknaraðila hjá varnaraðila 9. mars 1995 fyrir gjaldi, að höfuðstól 11.928.373 krónur. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og umrætt fjárnám verði staðfest með þeirri breytingu, að upphafsdagur vaxta teljist 22. ágúst 1994. Til þrautavara krefst sóknaraðili þess, að fjárnámið verði látið standa til tryggingar kröfu, að fjárhæð 9.742.042 krónum, auk dráttarvaxta frá 22. ágúst 1994 og kostnaðar vegna fullnustuaðgerða, allt að frádregnum 2.000.000 króna, sem greiddar voru 28. sama mánaðar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði auk kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Aðalkröfu sína um vísun málsins frá dómi reisir sóknaraðili í fyrsta lagi á því, að kæruleiðir á stjórnarsýslustigi hafi ekki verið tæmdar, en það sé skilyrði þess, að höfða megi einkamál til ógildingar á umræddu fjárnámi. Gjaldskylda hvíli á varnaraðila samkvæmt álagningu Fiskistofu 10. júní 1994 vegna brots hans gegn 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögmatís

sjávarafla. Hafi skip í eigu varnaraðila veitt umfram þann hámarksafla, sem því var settur á kvótaárinu 1. september 1992 til 31. ágúst 1993. Bendir sóknaraðili á, að sérstök þriggja manna úrskurðarnefnd starfi samkvæmt 6. gr. laganna, og hafi varnaraðila borið að skjóta úrskurði Fiskistofu til nefndarinnar, áður en dómsmál yrði höfðað. Varnaraðili hafi ekki lagt málið fyrir hinn lögmæltu úrskurðaraðila innan stjórnssýslunnar, og bresti hann því heimild til að höfða mál þetta.

Í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 37/1992 segir, að vilji maður ekki una ákvörðun Fiskistofu um álagningu gjalds, geti hann innan tveggja vikna kært hana til Fiskistofu. Skal stofnunin þá leggja rökstuddan, skriflegan úrskurð á málið. Sætti maður sig ekki við úrskurðinn, geti hann innan tveggja vikna skotið honum til nefndar samkvæmt 6. gr. laganna. Vilji hann ekki heldur una úrskurði hennar, getur hann innan 30 daga frá uppkvaðningu úrskurðar nefndarinnar lagt málið fyrir dómstóla, sbr. 4. mgr. 10. gr. laganna.

Kæruleiðir á stjórnssýslustigi samkvæmt 3. mgr. 7. gr. nefndra laga fela í sér heimildir fyrir þann, sem ekki vill sæta íþyngjandi stjórnarathöfn. Samkvæmt skýrri meginreglu laga er heimilt að bera réttarágreining undir endanlegan úrskurð dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar svo og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Takmörkun á þeim rétti í lögum verður að vera skýr og ótvíræð, svo að hún komi til álita. Orðalag laga nr. 37/1992 rennir ekki stoðum undir þá túlkun sóknaraðila, að það sé óhjákvæmilegt skilyrði til málsóknar fyrir dómstólum, að áður hafi verið nýttar tiltækar kæruleiðir til úrskurðaraðila innan stjórnssýslunnar. Samkvæmt því verður ekki fallist á aðalkröfu sóknaraðila á þessum grunni. Verður af sömu ástæðu ekki heldur fallist á, að réttur varnaraðila til að bera málið undir dómstóla með þeim hætti, sem hér var gert, takmarkist af málshöfðunarfresti samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laganna.

Í annan stað byggir sóknaraðili aðalkröfu sína um frávísun málsins á því, að ágreiningur aðila sé þess háttar, að óheimilt sé að leggja hann fyrir dómstóla á grundvelli reglna 15. kafla laga nr. 90/1989. Sýnist hann halda því fram, að í slíku máli sé dómara umfram allt ætlað að leysa úr ágreiningi um, hvort formreglur hafi verið hafðar í heiðri við stjórnarathöfn og framkvæmd aðfarar, en úr

ágreiningi um efnislegan rétt málsaðila skuli leyst í máli, sem rekið sé eftir reglum um almenna meðferð einkamála.

Ótvírætt er, að í 92. gr. laga nr. 90/1989 felst heimild til að bera undir héraðsdómara hvers kyns ágreining, er varðar aðfarargerð, sem lokið er, þar á meðal um efnislegt réttmæti kröfu gerðarbeiðanda, enda hafi dómstóll ekki áður tekið endanlega afstöðu til þess. Varnaraðili átti því rétt til þess að fá úrlausn héraðsdómara um réttmæti þeirrar kröfu, sem fjárnám sýslumannsins á Seyðisfirði 9. mars 1995 byggðist á.

Samkvæmt framansögðu getur aðalkrafa sóknaraðila um frávísun málsins ekki heldur náð fram að ganga á þessum grunni, og er henni hafnað.

II.

Samkvæmt fyrri málslíð 1. mgr. 2. gr. laga nr. 37/1992 skal gjald samkvæmt 1. gr. þeirra að jafnaði lagt á útgerðarmann þess skips, sem veitt hefur gjaldskyldan afla. Varnaraðili gerði skipið ekki út á þeim tíma, er hér um ræðir, heldur Elliði hf. Heimildir í síðari málslíð 1. mgr. 2. gr. laganna til að leggja gjald á annan en útgerðarmann, þegar sérstaklega stefndur á, veitti Fiskistofu ekki rétt til að leggja hið umdeilda gjald á varnaraðila. Að auki er þess að gæta, að flutningur á hluta af aflaheimildum skips varnaraðila til annarra skipa var gerður að frumkvæði og samkvæmt ósk Elliða hf. Eins og málið liggur fyrir, verður ekki ráðið, að varnaraðila hafi þá mátt vera ljóst, að sú ráðstöfun leiddi til neikvæðrar kvótastöðu skipsins.

Að þessu virtu verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ógilda beri fjárnám það, sem gert var hjá varnaraðila 9. mars 1995 fyrir kröfum sóknaraðila. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur. Þá verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Við rekstur máls þessa hefur sitthvað farið úrskaiðis. Umfangsmiklar skýrslutökur af vitnum, sem fram fóru fyrir dómi, voru ástæðulausar og fólu í sér brýnt brot á fyrirmælum 94., sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 90/1989. Þá gaf Kjartan Júlíusson, forstöðumaður lögfræðisviðs Fiskistofu, skýrslu sem aðili máls fyrir dómi, en ekki sem vitni. Til þess voru þó engin efni. Eru þessar brotalamir á rekstri málsins aðfinnsluverðar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Gjaldtökusjóður, greiði varnaraðila, Otto Wathne hf., 100.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 11. október 1995.

Miðvikudaginn 11. október 1995 er dómþing Héraðsdóms Austurlands haldið af Bernhard Bogasyni setudómara að Lyngási 15, Egilsstöðum, og kveðinn upp úrskurður í málinu nr. Y-2/1995.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 15. september sl. Það var þingfest 26. maí sl. og hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 15. kafla aðfararlaga nr. 90/1989 sem ágreiningsmál um aðfarargerð.

Sóknaraðili er Otto Wathne hf., kt. 661184-0789.

Varnaraðili er Gjaldtökusjóður, kt. 470953-2459.

Dómkröfur.

Í endanlegri kröfugerð sóknaraðila er þess krafist, að felld verði úr gildi fjárnámsgerð, sem fram fór að kröfu varnaraðila hjá sóknaraðila í skipinu Otto Wathne, NS-90, skipaskrárnúmer 2218, hjá sýslumanninum á Seyðisfirði 9. mars 1995 kl. 14.45 fyrir gjaldi, að höfuðstól 11.928.373 kr.

Sóknaraðili krefst málskostnaðar skv. XXI. kafla laga nr. 91/1991 úr hendi varnaraðila, „hvernig sem málið fer“.

Varnaraðili krefst þess, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og að gildi aðfarargerðar, sem fram fór 9. mars að kröfu varnaraðila í skipinu Otto Wathne, NS-90, skipaskrárnúmer 2218, fyrir kröfu, að fjárhæð 11.928.373 kr., verði staðfest, þó með breytingu til lækkunar miðað við, að dráttarvexti skuli reikna frá 22. ágúst 1994.

Þá krefst varnaraðili þess, að sóknaraðili verði dæmdur til þess að greiða varnaraðila málskostnað að skaðlausu skv. mati dómsins.

Með úrskurði, upp kveðnum 23. júlí 1995, var hafnað kröfu varnaraðila um, að málinu yrði vísað frá dómi.

Málavextir.

Sóknaraðili átti togveiðiskip, er bar nafnið Otto Wathne, NS-90, skipaskrárnúmer 1474. Hinn 16. mars 1993 leigði sóknaraðili Elliða hf. skipið til útgerðar. Elliði hf. tók við skipinu sama dag og hafði á leigu tæpt ár. Leigusamningur aðila kvað á um, að leigutaki nýtti þær aflaheimildir, er væru á skipinu, og útvegaði frekari heimildir, ef þyrfti. Í lok fiskveiðiársins 1992–1993 flutti sóknaraðili 120 tonn af aflaheimildum, nánar tiltekið heimildum

til karfaveiða, af hinu leigða skipi yfir á tvo fiskibáta. Sóknaraðili kveður tilfærsluna hafa verið til komna vegna þess, að borist hafi yfirlitsblað frá varnaraðila þar sem fram hafi komið, að þessar aflaheimildir væru ónýttar í lok fiskveiðiársins. Ekki hafi verið heimilt að geyma ónýttar aflaheimildir á hinu leigða skipi, og hefðu heimildirnar fallið niður, ef þær hefðu ekki verið færðar á skip, sem gat fært þær á næsta fiskveiðiár. Sóknaraðili kveður aflaheimildayfifærsluna hafa verið gerða að undirlagi leigutaka, enda hafi sóknaraðili litið svo á, að leigutaki ætti þessar ónýttu aflaheimildir, þar sem hann hafði fært umtalsverðan kvóta á skipið.

Hinn 6. maí 1994 sendi varnaraðili sóknaraðila bréf ásamt yfirlitum um veiddan afla Ottos Wathne, NS-90. Fram kom, að skipið hafði veitt umfram aflaheimildir fiskveiðiárið 1992–1993, og var skorað á sóknaraðila að gera athugasemdir þar að lútandi fyrir 19. maí eða áður en beitt yrði viðurlögum. Hinn 10. júní 1994 lagði varnaraðili sérstakt gjald á sóknaraðila, sbr. lög nr. 37/1992, að fjárhæð 18.346.794 kr., vegna umframaflans. Sóknaraðila var tilkynnt um þetta skriflega og jafnframt kynntar leiðir til að kæra álagninguna eftir lögum nr. 37/1992. Fóru nú í hönd viðræður aðila á milli um lausn málsins, og m. a. óskaði sóknaraðili eftir því, að tilfærsla aflaheimildanna frá því í september 1993 yrði bakfærð á þeim grundvelli, að um mistök hefði verið að ræða við frágang aflaheimilda í lok fiskveiðiársins. Varnaraðili hafnaði þeirri málaleitan. Hins vegar var álagningin lækkuð 22. júlí 1994, þar sem komið hafði í ljós, að álagningin var að hluta til reist á röngum upplýsingum. Álagningin, sem eftir stóð, kom til vegna veiða á karfa umfram aflaheimildir, samtals 113.711 kíló, vegna veiða á ufsa, samtals 33.756 kíló, og vegna veiða á grálúðu, samtals 4440 kíló.

Hinn 17. ágúst 1994 gerðu aðilar með sér samkomulag um uppgjör greiðslna skv. álagningunni, og hafði sóknaraðili greitt 2.000.000 kr., er hann ákvað að virða samkomulagið að vettugi og ráða sér lögmann til að gæta hagsmuna sinna gagnvart varnaraðila. Lögmaðurinn sendi varnaraðila bréf 5. október 1994, þar sem því var haldið fram, að álagningin hefði átt að beinast að útgerðaraðila skipsins, en ekki eiganda þess. Varnaraðili svaraði bréfi lögmannsins og kvað álagninguna rétta, enda hefði sóknaraðili ekki kynnt varnaraðila, að skipið hefði verið leigt út, auk þess sem sóknaraðili bæri fulla ábyrgð á umframaflanum, sem að mestu kæmi til vegna flutnings aflaheimilda í lok fiskveiðiársins 1992–1993. Fór svo, að varnaraðili sendi sóknaraðila greiðsluáskorun skv. 7. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 10. október 1994, og í kjölfarið krafðist varnaraðili fjárnáms hjá sóknaraðila. Fór það fram 9. mars 1995 undir mótmælum fyrirsvarsmanns sóknaraðila, en fulltrúi sýslumanns tók þá ákvörðun að láta fjárnámsgerðina halda áfram. Var gert

fjárnám í öðru skipi í eigu sóknaraðila, Otto Wathne, NS-90. Hinn 28. apríl 1995 barst Héraðsdómi Austurlands krafa um ógildingu fjárnámsins, og var mál þetta þingfest 26. maí 1995, eins og áður segir.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því í fyrsta lagi, að lagaheimild hafi skort fyrir álagningu gjalds þess, er lagt var á sóknaraðila 10. júní 1994. Í kjölfarið hafi aðfarargerð verið beint að sér án lagaheimildar og á grundvelli rangrar stjórnvaldsákvörðunar. Stjórnvaldsákvörðuninni og aðfarargerðinni hafi átt að beina að útgerðaraðila skipsins, en ekki eiganda þess. Lagaheimild til álagningar gjalds sé bundin við útgerð skips, auk þess sem byggja verði álagninguna á sök, eins og ráða megi af ákvæðum laga nr. 37/1992. Refsikenndum viðurlögum verði ekki beitt hlutlægt, nema til þess séu skýrar lagaheimildir.

Í öðru lagi styður sóknaraðili kröfur sínar því, að sóknaraðili verði ekki gerður ábyrgur fyrir gjaldi, sem stafar af flutningi aflaheimilda, er varnaraðili samþykkti eftir lok fiskveiðiársins með þeim fyrirvara, að aflatölur væru réttar. Sóknaraðili hafi enga ábyrgð borið á aflatölunum, og því verði gjald ekki lagt á hann á grundvelli þeirra.

Þá vitnar sóknaraðili til þess í þriðja lagi, að ekki verði lagt á hann gjald vegna þess umframafla, er leigutaki skipsins sannanlega veiddi og var umfram þær aflaheimildir, sem fluttar voru af skipinu í lok fiskveiðiársins 1992–1993. Umframaflinn, sem álagning varnaraðila hafi byggst á, hafi alls verið 160.712 kíló, en sóknaraðili hafi einungis fært 120.000 kíló af skipinu. Ekki sé heimild til að leggja gjald vegna veidds umframafla á annan en þann, er gerir út skip það, sem veiðir umframaflann. Ekki verði sóknaraðili gerður ábyrgur fyrir gjaldi vegna þessa umframafla, þótt hann verði gerður ábyrgur fyrir gjaldi vegna þess afla, er hann flutti af skipi því, sem um ræðir.

Sóknaraðili hefur mótmælt vaxtakröfu varnaraðila sérstaklega á þeim grunni, að vextir verði ekki reiknaðir fyrr en frá 22. ágúst 1994, 30 dögum eftir álagningu gjalds.

Sóknaraðili tilgreinir sem lagarök fyrir kröfum sínum 1. mgr. 2. gr. laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, auk þess sem vísað er til meginreglna refsiréttar um röksemdir um, að refsikenndum viðurlögum verði ekki beitt án sakar. Þá hefur sóknaraðili vísað til 14. og 15. kafla aðfararlaga nr. 90/1989 og laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um mála-tilbúnað sinn að öðru leyti.

Varnaraðili reisir kröfu sína um staðfestingu fjárnáms í fyrsta lagi á því,

að málið eigi ekki undir dómstóla, fyrr en aðili, sem álagning beinist að, hafi tæmt kæruleiðir laga nr. 37/1992.

Í öðru lagi bendir varnaraðili á, að ágreiningur aðila sé þess eðlis, að ekki verði leyst úr honum í ágreiningsmáli skv. 15. kafla laga nr. 90/1989.

Pá skírskotar varnaraðili til þess í þriðja lagi, að álagningin hafi réttilega beinist að sóknaraðila. Lög nr. 37/1992 hindri ekki, að álagning beinist að öðrum en útgerðaraðilum, auk þess sem sóknaraðili hafi aldrei tilkynnt varnaraðila, að annar aðili gerði út skipið, fyrr en að álagningu yfirstaðinni, og hafi því mátt gera ráð fyrir því, að sóknaraðili gerði út skipið. Auk þessa hafi það verið sóknaraðili, sem flutti aflaheimildirnar af skipinu í lok ársins 1992–1993. Sá flutningur hafi leitt til neikvæðrar kvótastöðu og síðan til álagningarinnar.

Varnaraðili hefur vísað til laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólög-mæts sjávarafla, til laga um aðför nr. 90/1989 og til laga um meðferð einka-mála nr. 91/1991 um málatalilbúnað sinn.

Fyrir dóminum gáfu skýrslur Guðmundur Frímannsson, endurskoðandi sóknaraðila, Þórarinn Guðbergsson, sem aðstoðaði sóknaraðila vegna kvótatilfærslna þeirra, er um ræðir í máli þessu, Kjartan Júlíusson, Jakob Jónsson, Indriði Kristinsson og Þórður Árelíusson, allt starfsmenn varnar-aðila.

Niðurstaða.

Ekki er skýrlega kveðið á um það í lögum nr. 37/1992, að tæma beri kæruleiðir, áður en dómstólar megi fjalla um gildi álagningar skv. lögnum, og hafa dómstólar talið fjallað um gildi aðfarargerða, sem grundvallast hafa á álagningu skv. lögum nr. 37/1992, án þess að tæmdar hafi verið kæruleiðir. Verður fjárnámsgerðin því ekki staðfest þegar af þeirri ástæðu, að ekki hafi verið farin kæruleið sú, sem möguleg er skv. lögum nr. 37/1992. Dómurinn hefur áður komist að þeirri niðurstöðu, að ágreiningsmáli um aðfarargerð verði ekki vísað frá dómi nema af ástæðum, er varða sérstök skilyrði til að bera slíkt mál undir dómstóla, að öðrum kosti beri að staðfesta fjárnáms-gerð eða ógilda.

Ekki verður fallist á þau rök varnaraðila, að staðfesta beri fjárnámsgerð-ina, þar sem ekki megi reka ágreining aðila eftir ákvæðum 15. kafla laga nr. 90/1989. Engin undantekning er gerð í ákvæðum þess kafla til að bera ágreining um aðfarargerð undir dómstóla, sé það gert innan tilskilinna tímafresta.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 37/1992 skal sérstakt gjald vegna ólög-mæts sjávarafla að jafnaði lagt á útgerðaraðila skips. Undantekningar frá

þeirri meginreglu eru taldar upp í sama ákvæði, og verður að telja þær tæmandi taldar, en þar er um að ræða aðila, sem hafa tekið ólögmatan afla til verkunar, vinnslu eða haft milligöngu um sölu aflans og mátt vita, að um ólögmatan afla væri að ræða. Þegar litið er til eðlis ákvæðisins, ber að skýra það þröngt, og verður því eigandi skips, sem leigt er til útgerðar, ekki talinn útgerðaraðili þess, jafnvel þótt hann komi að tilfærslu aflaheimilda á leigutímabilinu. Þá er upplýst, að á Fiskistofu voru til upplýsingar um, að annar aðili gerði út skipið Otto Wathne, NS-90, en sóknaraðili. Verður þetta ráðið af gögnum málsins, og hefur m. a. Þórður Árelíusson, starfsmaður Fiskistofu, staðfest þetta fyrir dómi. Samkvæmt framangreindu verður að telja, að álagning Fiskistofu hafi ekki verið reist á skýrum lagagrundvelli, og verður hún því ekki talin gild aðfararheimild á hendur sóknaraðila. Ber því að ógilda fjárnámsgerð þá, er fram fór 9. mars 1995, að kröfu varnaraðila í skipi sóknaraðila, Otto Wathne, NS-90.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989, ber að úrskurða varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 180.000 kr. Við ákvörðun málskostnaðar er höfð hliðsjón af því, að málið var sérstaklega flutt um formhlið þess.

Málið fluttu þeir Jónas Þór Guðmundsson lögfræðingur f. h. sóknaraðila, en hann flutti það sem prófmaður í umboði Ævars Guðmundssonar hdl., og Garðar Briem hdl. f. h. varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ógilt er fjárnámsgerð, sem fram fór að kröfu varnaraðila, Gjaldtökusjóðs, hjá sóknaraðila, Otto Wathne hf., í skipinu Otto Wathne, NS-90, skipaskrárnúmer 2218, hjá sýslumanninum á Seyðisfirði 9. mars 1995 fyrir gjaldi, að höfuðstól 11.928.373 kr.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 180.000 kr. í málskostnað.
